

JAFNLAUNASTEFNA KAUPFÉLAGS VESTUR HÚNVETNINGA

Kaupfélag Vestur Húnvetninga leggur sig fram í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu og/eða jafnverðmæt störf, þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna.

Kaupfélag Vestur Húnvetninga leggur sitt að mörkum að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem konur og karlar hafa jöfn tækifæri í starfi.

Félagið hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi sanngjarnar launagreiðslur óháð kyni. Kaupfélag Vestur Húnvetninga skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.

Árleg úttekt verður gerð á jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun Kaupfélags Vestur Húnvetninga. Verði úttektaraðili var við misræmi varðandi t.d. launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendinga og lagfærð.

Kaupfélagsstjóri ber ábyrgð á að jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun sé framfylgt, einnig ber kaupfélagsstjóri ábyrgð á að jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun séu uppfærðar í samræmi við lög og reglur þar um. Kaupfélagsstjóri ber svo og ábyrgð á árlegri úttekt á jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun og getur fengið til þeirrar úttektar annaðhvort utanaðkomandi aðila eða annan starfsmann Kaupfélagsins.

Jafnlaunastefna hefur verið kynnt starfsfólki á fundi en einnig er hún aðgengileg á heimasíðu Kaupfélagsins, kvh.is.